

Fundur Öldungaráðs haldinn í Hraunseli 23. nóvember 2021 kl. 14:00

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Magnús Pálsson Sigurðsson og Elísabet Valgeirsdóttir

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi: Guðlaug Steinsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Umsögn

- **Umsögn vegna starfsleyfis Raunríks ehf.**

„ Þann 29. september sl. barst Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar umsókn frá Birnu Guðmundsdóttur f.h. Raunríks ehf. Umsóknin er lögð fram skv. 10. gr. [laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#) og reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita félagsþjónustu nr. 1320/2020 og 7. gr. [laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018](#) og [reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk nr. 856/2020](#).

Sótt er um starfsleyfi til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk skv. 26. gr. laga nr. 40/1991 og 8. gr. laga nr. 38/2018 í Hafnarfirði.

Þjónusta Raunríks ehf.

Raunríkur er verktaki hjá Ylfu ehf. sem er með starfsleyfi á landsvísu, einnig er Raunríkur með verkefni á eigin vegum. Markmið þjónustunnar er að veita ráðgjöf og stuðning inn á heimili fatlaðs fólks og uppeldisráðgjöf til seinfærra foreldra.

Gögn sem GEF tók mið af við vinnslu umsóknar Raunríks ehf.

- Sakavottorð forsvarsmanns Birnu Guðmundsdóttur
- Hæfni og menntun forsvarsmanns
- Samþykktir félags
- Ársreikningi 2020



HAFNARFJÖRÐUR

- **Áhættumati**

Miðað við þau gögn sem aflað var er það mat Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar að umsækjandi uppfylli skilyrði til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Í samræmi við það er nú fyrirhuguð útgáfa starfsleyfis fyrir starfseminna til þriggja ára.

Samkvæmt 7. greinum reglugerða nr. 1320/2020 og nr. 856/2020 skal afla umsagnar eða tilkynna notendaráði í því sveitarfélagi þar sem starfsemin mun fara fram um fyrirhugaða afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi. Notendaráð skal veita skriflega umsögn um umsóknina skv. reglugerð nr. 1320/2020.

Í samræmi við það er nú óskað eftir umsögn öldungaráðs Hafnarfjarðar. Umsögnin skal byggja á málefnalegum rökum. Æskilegt er að fulltrúar þeirra notenda þjónustunnar sem helst koma til með að nýta sér þjónustu umsækjenda skipi notendaráðið, sé það mögulegt.

Umsögn notendaráðs skal send Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar innan fjögurra vikna frá því tilkynning um fyrirhugaða afgreiðslu á umsókn var send notendaráði. Samkvæmt því rennur umsagnarfrestur út þann 19. nóvember nk.

Með kveðju,
Sigríður Matthildur „

Umsögn Öldungaráðs:

Öldungaráð telur sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu og vísar á Samráðshóp um þjónustu við fatlað fólk.

3. Tillaga Gylfa Sigurðssonar

Gylfi lagði fram á síðast fundi tillögu um að múrveggurinn á útisvæði við pottana í Sundhöll Hafnarfjarðar sem snýr að sjónum verði tekinn niður eða lækkaður verulega og í staðinn komi gluggaveggur þannig að sólin komi til með að skína lengur á pottverja og að þeir sjái út á sjóinn. Tillagan borin upp og samþykkt af Öldungaráð.

4. Farið yfir mál sem Öldungaráð hefur áður tekið fyrir á fundum.

Umræða skapaðist m.a. um:

- Fækkun þjónustumiðstöðva eldri borgara í Hafnarfirði.
- Lögð er áhersla á að í þjónustuveri sé starfsmaður sem hafi sérþekkingu á málefnum eldri borgara.
- Umræður sköpuðust um stefnumótun og öldungráð samþykkir í framhaldi að vinna að stefnumótun í málefnum eldri borgar eins og fram kom í fundargerð ráðsins þann 19. október s.l. M.a. verður unnið að eftirfarandi þáttum:
 - Fjölbreytileika í húsnæðismálum
 - Göngustígar – bekkir – samgöngur



HAFNARFJÖRÐUR

- Heilsugæslan – stuðningur og samtal við eldri borgara
- Dreifðari heimaþjónustu í samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga
- Sjálfbært tómstundastarf með hreyfingu og heilaleikfimi í forgrunni
- Akstur fyrir þá sem ekki eiga bíl og/eða hafa aðgang að bíl
- Að gjaldskrá sé ekki íþyngjandi heldur taki mið af stöðu einstaklingsins
- Aðgengilegar upplýsingar

5. Fjárhagsáætlun

- Gjaldskrá á þjónustubáttum eldri borgara hækkar ekki umfram 2,5% neysluvísitölu.
- Tekjuviðmið í frístundastyrk hækkar úr kl. 391.520,- í kr. 422.000,-

6. Heimasíða Hafnarfjarðabæjar

Til að auðvelda eldri borgurum aðgengi að upplýsingum um þjónustu fyrir eldri borgara hjá Hafnarfjarðabæ verði þær upplýsingar, ásamt reglum og gjaldskrár settar á heimasíðu www.febh.is Sbr. minnispunktum sem lagðir voru fram af Valgerði Sigurðardóttur á fundi Fjölskylduráðs þann 24.september sl.

7. Önnur mál

- Magnús kom á framfæri áhyggjum sínum af því að ekkert væri byggt fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Umræða skapaðist um þörf á íbúðum í þjónustukjarna og þá bæði eignar og leiguíbúðir.
- Þórdís og Elísabet sitja báðar í verkefnastjórn Sólvangs. Þórdís og Elísabet greindu frá stöðu framkvæmda á eldra húsi Sólvangs. Á fundi verkefnastjórnar þann 15. desember 2021 verður 2. hæð og 3. hæð afhent en 4. hæð verður afhent 15. janúar 2022. Á 2. hæð verður 11 rýma hjúkrunarheimili á 3. og 4. hæð verða 39 hvíldar og endurhæfingarrými. Einnig var rætt um fyrirhugaðar breytingar á þakhæð hússins og endurhönnun á garði við dagdvöl .

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10